

Ársreikningur 2005



Afkomutilkynning
Landsbanki Íslands hf.

Lykiltölur úr ársreikningi

Rekstrarreikningur	2005	2004	2003	2002	2001
Vaxtatekjur	66.437	34.252	21.871	21.813	27.909
Vaxtagjöld	43.441	19.517	12.540	14.082	19.136
Hreinar vaxtatekjur	22.996	14.734	9.331	7.732	8.772
Þjónustutekjur	18.479	10.234	6.959	4.745	4.197
Þjónustugjöld	1.754	1.344	843	669	575
Hreinar þjónustutekjur	16.726	8.891	6.116	4.076	3.622
Aðrar rekstrartekjur	21.257	9.842	3.535	2.109	-143
Hreinar rekstrartekjur	60.978	33.467	18.982	13.916	12.251
Laun og tengd gjöld	12.682	7.794	5.656	4.387	4.184
Rekstrarkostnaður	8.284	6.667	5.158	4.117	3.924
Rekstrargjöld alls	20.967	14.460	10.815	8.505	8.108
Virðisrýrnun útlána	6.197	4.485	4.656	2.863	2.298
Hagnaður fyrir skatta og virðisrýrnun viðskiptavildar	33.815	14.521	3.512	2.549	1.846
Virðisrýrnun viðskiptavildar	3.033	0	0	0	0
Tekjuskattur	5.764	1.798	457	475	(9)
Hagnaður tímabilsins	25.017	12.723	3.055	2.074	1.855
Tilheyrandi:					
Hluthöfum Landsbanka Íslands hf.	24.740	12.574	2.956	2.028	1.749
Minnihluta	277	149	99	45	107
Efnahagur					
Sjóður og innstæður í seðlabanka	16.611	18.237	48.772	18.893	22.023
Lán	1.071.513	614.274	326.400	214.787	199.083
Veltufjáreignir	218.894	64.730	63.744	36.337	39.939
Aðrar eignir	98.443	39.900	9.323	7.808	7.881
Eignir samtals	1.405.460	737.141	448.239	277.824	268.926
Innlán	478.759	279.206	196.160	138.971	129.157
Lántaka	689.989	375.084	209.357	108.479	111.639
Víkjandi lántökur	49.074	22.570	13.090	8.216	8.527
Aðrar skuldir	74.022	21.572	6.389	5.057	3.131
Eigið fé	110.059	37.705	22.382	16.309	15.505
Hlutdeild minnihluta í eigin fé dótturfélaga	3.557	1.004	862	792	967
Skuldir og eigið fé samtals	1.405.460	737.141	448.239	277.824	268.926
Kennitölur					
	2005	2004	2003	2002	2001
Arðsemi eigin fjár fyrir virðisrýrnun viðskiptavildar og skatta	61,8%	57,2%	20,9%	17,0%	13,9%
Arðsemi eigin fjár eftir skatta	45,8%	49,5%	17,6%	13,5%	13,1%
Eiginfjárbáttur A	11,9%	7,8%	6,9%	7,7%	7,5%
Eiginfjárhlutfall	13,1%	10,4%	9,9%	10,6%	10,4%
Hlutfall rekstrarkostnaðar af hreinum rekstrartekjum	34,4%	43,2%	57,0%	61,1%	66,2%
Hlutfall rekstrarkostnaðar af meðalstöðu heildarfjármagns	2,0%	2,5%	3,0%	3,1%	3,2%
Vaxtamunur af meðalstöðu heildarfjármagns	2,2%	2,6%	2,6%	2,8%	3,5%
Framlag í afskriftareikning af stöðu útlána í lok árs	0,6%	0,73%	1,47%	1,33%	1,17%
Gengi hlutabréfa í lok tímabils	25,30	12,10	5,80	3,65	3,39
Hækkun hlutabréfaverðs að teknu t.t. arðgreiðslna	110,7%	110,3%	61,6%	10,6%	0,1%
Stöðugildi í lok tímabils	1.725	1.121	1.025	986	997

Ársfjórðungar

Rekstrarreikningur	2005	2005	2005	2005	2004	2004	2004	2004
	4. ársfj.	3. ársfj.	2. ársfj.	1. ársfj.	4. ársfj.	3. ársfj.	2. ársfj.	1. ársfj.
Vaxtatekjur	21.073	18.594	14.309	12.461	10.879	8.172	8.534	6.668
Vaxtagjöld	13.818	12.272	9.180	8.172	6.268	4.273	5.264	3.712
Hreinar vaxtatekjur	7.255	6.322	5.129	4.289	4.611	3.898	3.269	2.956
Þjónustutekjur	5.359	4.775	4.864	3.481	3.191	2.509	2.080	2.455
Þjónustugjöld	598	392	403	361	382	365	301	296
Hreinar þjónustutekjur	4.761	4.383	4.461	3.120	2.809	2.144	1.779	2.159
Arðstekjur	191	161	616	105	11	1	98	343
Hreinar tekjur af veltufjáreignum	5.503	3.550	(163)	1.978	(41)	1.794	806	1.557
Hreinar tekjur af öðrum fjáreignum á gangvirði	1.205	1.167	1.003	2.490	(2.220)	4.693	200	2.245
Gengismunur áhættuvarnariða	-361	232	(81)	216	0	0	0	0
Gengismunur gjaldeyrisviðskipta	92	359	(161)	97	122	111	59	72
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarféлага	643	505	275	484	(79)	41	17	13
Hagnaður af eignum í sölumeðferð	63	270	817	0	0	0	0	0
Aðrar rekstrartekjur	7.337	6.243	2.307	5.370	(2.207)	6.639	1.179	4.231
Hreinar rekstrartekjur	19.352	16.949	11.898	12.779	5.213	12.682	6.227	9.346
Laun og tengd gjöld	4.136	3.077	3.114	2.355	2.112	2.304	1.735	1.643
Rekstrarkostnaður	2.933	1.905	1.764	1.683	1.749	1.963	1.342	1.612
Rekstrargjöld alls	7.069	4.982	4.879	4.037	3.862	4.267	3.076	3.255
Virðisrýrnun útlána	1.805	1.687	1.359	1.345	1.223	1.293	978	991
Hagnaður fyrir skatta og virðisrýrnun viðskiptavildar	10.479	10.280	5.660	7.396	128	7.121	2.172	5.100
Virðisrýrnun viðskiptavildar	(259)	3.293	0	0	0	0	0	0
Tekjuskattur	1.929	1.882	602	1.351	(829)	1.333	361	934
Hagnaður tímabilsins	8.809	5.105	5.058	6.045	957	5.788	1.812	4.167
Tilheyrandi:								
Hluthöfum Landsbanka Íslands hf.	8.734	4.995	5.000	6.011	905	5.746	1.785	4.139
Minnihluta	75	110	58	34	53	42	27	27
Efnahagur	31.12.2005	30.9.2005	30.6.2005	31.3.2005	31.12.2004	30.9.2004	30.6.2004	31.3.2004
Sjóður og innstæður í seðlabanka	16.611	8.134	8.211	14.136	18.237	84.977	53.260	57.461
Lán	1.071.513	891.668	828.342	687.883	614.274	487.076	431.822	384.596
Veltufjáreignir	218.894	156.243	119.208	82.630	64.730	57.358	63.490	59.312
Aðrar eignir	98.443	86.212	66.311	65.993	39.900	9.002	9.920	9.639
Eignir samtals	1.405.460	1.142.258	1.022.072	850.642	737.141	638.413	558.493	511.008
Innlán	478.759	413.988	355.410	298.063	279.206	277.172	240.095	211.689
Lántaka	689.989	531.417	521.870	417.947	375.084	287.944	262.663	245.105
Víkjandi lántökur	49.074	47.224	49.394	49.327	22.570	23.416	14.897	15.333
Aðrar skuldir	74.022	48.804	34.378	30.241	21.572	11.027	7.685	7.697
Eigið fé	110.059	98.749	58.954	53.988	37.705	37.916	32.256	30.314
Hlutdeild minnihluta í eigin fé dótturfélaga	3.557	2.076	2.066	1.076	1.004	939	897	870
Skuldir og eigið fé samtals	1.405.460	1.142.258	1.022.072	850.642	737.141	638.413	558.493	511.008

Hagnaður 33,8 milljarðar króna fyrir skatta og virðisrýrnun viðskiptavildar

Hagnaður Landsbanka Íslands hf. fyrir skatta og virðisrýrnun viðskiptavildar á árinu 2005 nam 33,8 milljörðum króna samanborið við 14,5 milljarða króna á árinu 2004 og hefur hann aukist um 133% milli ára. Á þriðja ársfjórðungi 2005 færði bankinn niður viðskiptavild að fjárhæð 3,3 milljarða króna vegna samruna eigna frá Burðarási hf. inn í Landsbankann. Að teknu tilliti til þeirrar niðurfærslu nam hagnaður bankans fyrir skatta 30,8 milljörðum króna á árinu 2005.

Hagnaður bankans eftir skatta nam 25,0 milljörðum króna samanborið við 12,7 milljarða króna á árinu 2004.

Arðsemi eigin fjár eftir skatta á tímabilinu var 45,8%.

Hagnaður 4. ársfjórðungs 2005 nam 10,5 milljörðum króna fyrir skatta og virðisrýrnun viðskiptavildar og er það met hagnaður hjá bankanum á einum ársfjórðungi.

Breyttar reikningsskilaaðferðir

Landsbankinn hefur innleitt alþjóðlega reikningsskilastaðla (e. IFRS) frá og með árinu 2005. Sérstök fréttatilkynning um áhrif af innleiðingu IFRS hjá Landsbankanum var send samhliða afkomutilkynningu 1. ársfjórðungs 2005 til Kauphallar Íslands þann 12. maí sl. Áhrifunum eru jafnframt gerð skil í skýringu 40 í ársreikningi 2005.

Rekstur Teather & Greenwood var tekinn inn í samstæðu bankans frá og með 1. apríl 2005, rekstur Kepler Equities í lok nóvember og eru rekstrartölur fyrra árs því ekki að fullu samanburðarhæfar. Merrion Group var tekið inn í samstæðureikning í árslok 2005.


Helstu niðurstöður úr rekstrar- og efnahagsreikningi

Hreinar rekstrartekjur námu 61 milljarði króna á árinu 2005 samanborið við 33,5 milljarða króna á árinu 2004 og hafa þær aukist um 82%. Hluti aukningar skýrist af yfirtökum á Teather & Greenwood og Kepler Equities en tekjur þessara félaga voru ekki inni í rekstrarárinu 2004. Eins og áður segir kom

Merrion Capital inn í samstæðuna í lok ársins og eru engin rekstraráhrif af því félagi í samstæðureikningnum.

Hreinar vaxtatekjur námu 23,0 milljörðum króna samanborið við 14,7 milljarða króna á árinu 2004 og hafa þær aukist um 56% milli ára. Endurspeglar það vaxandi stærðarhagkvæmni samstæðunnar, en heildareignir hennar hafa þrefaldast frá ársbyrjun 2004. Vaxtamunur sem hlutfall af meðalstöðu heildarférmagns hefur hinsvegar lækkað og var hann 2,2% á árinu 2005 samanborið við 2,6% á árinu 2004.

Vaxtamunur



Hreinar þjónustutekjur aukast um 88%

Hreinar þjónustutekjur námu 16,7 milljörðum króna á árinu 2005 samanborið við 9,8 milljarða króna á fyrra ári og hafa þær aukist um 88%. Auknar þjónustutekjur skýrast af stöðugt auknum umsvifum bankans á sviði verðbréfavíðskipta, eignastýringar og erlendra starfsemi móðurfélagsins og dótturfélaga.

Aukning hreinna vaxtatekna og þjónustutekna endurspeglar verulega aukna grunntekjumyndun samstæðunnar. Þannig hafa þessir liðir aukist um 16,1 milljarð króna eða 68% milli ára og námu þeir 39,7 milljörðum króna. Til samanburðar námu hreinar vaxtatekjur og þjónustutekjur 15,4 milljörðum króna fyrir allt árið 2003. Á meðan grunntekjumyndun samstæðunnar hefur aukist um 16,1 milljarð króna hefur rekstarkostnaður aukist um 6,5 milljarða króna.

Fjárfestingatekjur bankans (Trading and investment income) á árinu 2005 námu 21,3 milljarði króna samanborið við 14,5 milljarða króna á árinu 2004. Íslenska úrvalsvísitalan hækkaði um 64,7% á árinu 2005 og skýrir það að stórum hluta miklar fjárfestingatekjur samstæðunnar. Fjárfestingatekjur eru sambærilegar við gengismun samkvæmt fyrri reikningsskilaaðferðum auk þeirra breytinga sem eiga sér stað við endurmat í uppgjörum á afleiðusamningum og fjáreignum til sölu. Undir fjárfestingatekjur falla arðtekjur, hreinar tekjur

(gengismunur) af veltufjáreignum, öðrum fjáreignum á gangvirði, fjáreignum til sölu, auk gengismunar af markaðs- og áhættuvarnarafleiðum og gjaldeyri.

Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélagana nam 1,9 milljarði króna á árinu 2005 samanborið við 0,4 milljarða króna á fyrra ári. Aukningin skýrist af hlutdeildartekjum í Fjárfestingafélaginu Gretti hf.


Tekjur af erlendri starfsemi nær fjórfaldast

Hreinar rekstrartekjur utan Íslands námu 10,4 milljörðum króna á árinu 2005 samanborið við 2,8 milljarða króna á fyrra ári og hafa þær nær fjórfaldast á milli ára. Aukin tekjumyndun af erlendri starfsemi endurspeglar vöxt og góða afkomu erlendra dótturfélaga sem og aukinn vöxt og arðsemi af rekstri útibús bankans í London.

Kostnaðarhlutfall 34%

Rekstrargjöld bankans námu 21 milljarði króna á árinu 2005 og reiknast kostnaðarhlutfall bankans 34% á árinu samanborið við 43% á árinu 2004. Samsetning kostnaðar og tekna samstæðunnar breytist með innkomu Teather & Greenwood, Kepler Equities og Merlion Capital þar sem um verðbréfafyrirtæki, sem almennt eru með hærri kostnaðarhlutfall en bankar, er að ræða.

Kostnaðarhlutfall



Virðisrýrnun útlána og fjáreigna til sölu á ársinu 2005 nam 6,2 milljörðum króna samanborið við 4,5 milljarða króna á árinu 2004. Eftir sem áður lækkar virðisrýrnun sem hlutfall af útlánnum og kröfum úr 0,73% fyrir árið 2004 í 0,58% í lok árs 2005. Skýrist það af útlánaaukningu samstæðunnar á árinu.

Afskriftareikningur útlána var 13,1 milljarður króna eða 1,23% af heildarútlánnum í lok árs 2005. Afskriftareikningur útlána endurspeglar ekki töpuð útlán, heldur er um


að ræða fjárhæðir sem lagðar hafa verið til hliðar gegn hugsanlegum útlánatöpum. Þegar og ef útlán tapast eru þau færð út af afskriftareikningi útlána. Bankinn færði 2,0 milljarð króna úr afskriftarreikningi útlána sem endanlega töpuð útlán.

Virðisrýrnun viðskiptavildar nam 3,0 milljörðum króna á árinu 2005. Að stofni til er um að ræða (3,3 milljarðar króna) viðskiptavild vegna samruna eigna úr Burðarási hf. yfir í Landsbankann. Viðskiptavildina ber að setja í samhengi við þann fjölda nýrra hluthafa sem kemur inn í bankann og þá staðreynd að greitt var fyrir eignir Burðarás hf. á markaðsgengi Landsbankans.

Heildareignir aukast um 91%

Heildareignir samstæðunnar námu 1.405 milljörðum króna í árslok 2005 og hafa þær aukist um 91% eða 668 milljarða króna á árinu. Hefur samstæðan fimmfaldast á síðustu tveimur og hálfa árinu og byggir aukningin nær alfarið á innri vexti hér heima og erlendis.

Heildareignir




Stöðugildi í samstæðu Landsbankans voru 1.725 í árslok 2005. Þar af voru 1.105 stöðuglidi á Íslandi og 620 stöðuglidi á erlendum starfstöðum samstæðunnar.

Útlán og kröfur yfir 1.000 milljarða króna

Útlán og kröfur námu 1.072 milljörðum króna í árslok 2005. Þar af námu útlán og kröfur til fjármálastofnana 87 milljörðum króna samanborið við 67 milljarða króna í upphafi ársins. Útlán og kröfur til viðskiptavina námu 998 milljörðum króna samanborið við 556 milljarða króna í upphafi ársins og hafa þau aukist um 442 milljarða króna á árinu. Aukningin liggur fyrst og fremst í útlánnum til stærri fyrirtækja bæði í gegnum fyrirtækjasvið bankans á Íslandi og útibú bankans í London og einnig í íbúðalánnum á Íslandi.

Útlán til erlendra aðila og útlán erlendra dótturfélaga námu alls 354 milljörðum króna í árslok 2005 samanborið við 150 milljarða króna í byrjun ársins og hafa þau vaxið um 204 milljarða króna eða 136%. Námu þau 35% af heildarútlánunum til viðskiptavina samanborið við 27% í byrjun ársins.



Veltufjáreignir samstæðunnar námu 218,9 milljörðum króna í lok árs 2005 samanborið við 64,7 milljarða króna í ársbyrjun. Undir þennan lið falla markaðsskuldabréf og veltuhlutabréf og jákvæðar stöður afleiðusamninga. Þá nam staða bankans í fjáreignum á gangvirði í gegnum rekstrarreikning 34,5 milljörðum króna í árslok 2005 og hlutir í hlutdeildarfélögum 4,5 milljörðum króna. Samtals nam því staða samstæðunnar í markaðsskuldabréfum og eignarhlutum í félögum, að teknu tilliti til afleiðusamninga, 322,6 milljörðum króna í árslok 2005 samanborið við 81,3 milljarða króna í ársbyrjun. Á móti þessum eignum hefur bankinn gert framvirka samninga að fjárhæð 129,7 milljörðum króna og nam hrein staða markaðssverðbréfa og eignarhluta í félögum því 192,9 milljörðum króna í lok árs 2005.

Heildareignir í stýringu námu 281 milljarði króna í árslok 2005 sem er aukning um 47% á árinu. Heildareignir í vörslu í samstæðunni voru á sama tíma 1.321 milljarðar króna og hafa þær vaxið um 81% á árinu.

Skuldir og eigið fé

Heildarinnlán samstæðunnar námu 479 milljörðum króna í lok árs 2005. Þar af námu innlán frá viðskiptavinum 334 milljörðum króna samanborið við 218 milljarða króna í upphafi ársins og hafa þau aukist um 53% á árinu.


Lántaka bankans nam 690 milljarði króna í árslok 2005 samanborið við 375 milljarða króna í ársbyrjun.

CAD hlutfall 13,1%

Víkjandi lán námu 49 milljörðum króna í árslok samanborið við 23 milljarða króna í byrjun árs 2005. Bankinn gekk frá útgáfu á víkjandi skuldabréfum að fjárhæð 28 milljörðum króna á fyrsta ársfjórðungi 2005. Útgáfan skiptist í EUR 150 milljónir samkvæmt eiginfjárbætti A og EUR 200 milljónir króna samkvæmt eiginfjárbætti B. Eiginfjárhlutfall samstæðunnar samkvæmt CAD reglum var 13,1% í lok árs 2005, þar af 11,9% samkvæmt eiginfjárbætti A. Hlutfall samstæðunnar í ársbyrjun var 10,4%, þar af 7,8% samkvæmt eiginfjárbætti A.

Eigið fé samstæðunnar í árslok 2005 nam 110 milljörðum króna samanborið við 38 milljarða króna í ársbyrjun og hefur það aukist um 192% á árinu. Bankinn gaf út nýtt hlutafé að fjárhæð 2,1 milljarð króna á genginu 19. á þriðja ársfjórðungi í tengslum við yfirtöku á eignum úr Burðarás hf. Þá gaf bankinn út hlutafé í mars 2005 að fjárhæð 800 milljónir króna að nafnverði á genginu 14,25. Að öðru leyti skýrast breytingar á eigin fé af hagnaði tímabilsins, arðgreiðslum og þróun á eign samstæðunnar í eigin bréfum.

Eiginfjárhlutfall - CAD



Afkoma rekstrarstarfspáttu

Afkomu samstæðu Landsbankans er skipt í eftirfarandi fjóra rekstrarstarfspætti:

- Viðskiptabankastarfsemi
- Fyrirtækjaviðskipti
- Verðbréfiðskipti
- Eignastýring og sérbankþjónusta

Yfirlit um afkomu og heildareignir eftir starfspáttum á árinu 2005 í samanburði við fyrra ár má sjá í eftirfarandi töflum (mkr.):

Starfspáttayfirlit

2005	Viðskiptabanka- starfsemi	Fyrirtækja- viðskipti	Verðbréfa- viðskipti	Eignastýring og sérbanka- þjónusta	Annað	Samtals
Hreinar vaxtatekjur	10.466	11.866	-1.063	1.727	0	22.996
Hreinar þjónustutekjur	3.131	2.343	8.785	2.466	0	16.726
Gengismunur	66	247	20.789	154	0	21.257
Hreinar rekstrartekjur	13.664	14.456	28.511	4.348	0	60.978
Rekstrargjöld	8.272	4.155	5.906	2.208	425	20.967
Virðisrymun útlána	2.026	3.268	0	902	0	6.197
Virðisrymun definislegra eigna	0	0	3.033	0	0	3.033
Hagnaður fyrir skatta	3.366	7.032	19.572	1.237	-425	30.781
Heildareignir	261.638	636.014	285.652	215.144	7.012	

2004	Viðskiptabanka- starfsemi	Fyrirtækja- viðskipti	Verðbréfa- viðskipti	Eignastýring og sérbanka- þjónusta	Annað	Samtals
Hreinar vaxtatekjur	6.838	6.943	-187	1.141		14.734
Hreinar þjónustutekjur	2.781	979	3.663	1.228		8.651
Gengismunur	0	-46	10.043	85		10.081
Hreinar rekstrartekjur	9.619	7.876	13.519	2.454	0	33.467
Rekstrargjöld	6.594	2.078	2.246	1.653	1.890	14.460
Virðisrymun	2.870	1.385	-4	235		4.485
Hagnaður fyrir skatta	156	4.413	11.277	566	-1.890	14.521

Undir **viðskiptabankastarfsemi** fellur útibúanet móðurfélagsins, veðlánastarfsemi Heritable Bank og SP-Fjármögnun. Hagnaður starfsþáttarins nam 3,4 milljarði króna fyrir skatta á árinu 2005 samanborið við 0,2 milljarðs hagnað á fyrra ári. Heildareignir starfsþáttarins námu 262 milljörðum króna í árslok 2005.

Undir **fyrirtækjaviðskipti** fellur fyrirtækjasvið móðurfélagsins, þ.m.t. útibú bankans í London og fasteignafjármögnun Heritable Bank. Hagnaður fyrir skatta af fyrirtækjaviðskiptum á árinu 2005 nam 8,3 milljörðum króna samanborið við 4,4 milljarða króna á árinu 2004. Heildareignir fyrirtækjaviðskipta námu 636 milljörðum króna í árslok 2005.

Verðbréfaviðskipti innifelur verðbréfasvið móðurfélagsins og dótturfélögin Teather & Greenwood, Kepler Equities SA og Merrion Group. Undir starfsþáttinn fellur verðbréfamiðlun, fyrirtækjaráðgjöf, gjaldeyris- og afleiðumiðlun, skuldastýring, fjárstýring og eigin viðskipti með hlutabréf og skuldabréf. Hagnaður fyrir skatta af verðbréfaviðskiptum á árinu 2005 nam 18,6 milljörðum á árinu 2005 samanborið við 11,3 milljarða króna á fyrra ári. Virðisrymun viðskiptavildar vegna samruna eigna úr Burðarási að fjárhæð 3,3 milljarða króna er færð á starfsþáttinn. Heildareignir starfsþáttarins námu 286 milljörðum króna í árslok 2005. Dótturfélög starfsþáttarins voru öll keypt á árinu 2005. Teather & Greenwood komu inn í starfsþáttinn í upphafi 2. ársfjórðungs, Kepler Equities SA í byrjun desember og Merrion Capital í árslok (engin rekstraráhrif).

Eignastýring og sérbankapjónusta samanstendur af eignastýringarsviði móðurfélagsins, Landsvaka hf. og Landsbanka Luxembourg S.A. Hagnaður af eignastýringu og sérbankapjónustu á árinu 2005 nam 1,3 milljarði króna fyrir skatta samanborið við 0,6 milljarð króna á árinu 2004. Heildareignir starfsþáttarins námu 215 milljörðum í lok ársins.

Árið 2005 Grunnur lagður að alþjóðlegum fyrirtækja- og fjárfestingabanka

Alþjóðlegur vöxtur – kaup á þremur evrópskum verðbréfa-fyrirtækjum og stofnun útibús í London

Grundvöllur til frekari vaxtar á alþjóðlegum mörkuðum var lagður á árinu 2005 með kaupum á þremur verðbréfafyrirtækjum í Evrópu og stofnun útibús í London.

Í upphafi árs var tilkynnt um stofnun útibús bankans í London og um kaup Landsbankans á breska verðbréfafyrirtækinu Teather & Greenwood. Þá gengu í ágúst lykilstarfsmenn á sviði eignafjármögnunar frá GMAC Commercial Finance til liðs við útibú bankans í London. Í september voru kaup á evrópska verðbréfafyrirtækinu Kepler Equities kynnt, en félagið er með starfsemi í sex Evrópulöndum og Bandaríkjunum. Í nóvember var svo gengið frá samningum um kaup Landsbankans á helmingshlut í írsku verðbréfafyrirtækinu Merrion Capital Group.

Landsbankinn nýtir stöðu þessara fyrirtækja og þá þekkingu og tengsl sem þau búa yfir á sínum heimamarkaði til þess að styrkja stoðir fjárfestingar- og fyrirtækjabankastarfsemi Landsbankans.

Fjárfestingarbankastarfsemi og þjónusta við fyrirtæki er sívaxandi þáttur í starfsemi Landsbankans og helsti vaxtarbroddurinn í rekstrinum. Dótturfélög Landsbankans í Evrópu hafa skrifstofur í öllum helstu fjármálamiðstöðvum Vestur-Evrópu og með áframhaldandi samþættingu þess rekstrar við fjárfestingarbankastarfsemi Landsbankans munu skapast nýir möguleikar til að auka umsvif hans í Evrópu, einkum með áherslu á vöxt útibús Landsbankans í Lundúnum.

Eigið fé styrkt með nýju hlutafé og víkjandi lánum

Til að styðja við frekari vöxt samstæðunnar styrkti bankinn eiginfjárstöðu sína verulega á árinu 2005, bæði með útgáfu á nýju hlutafé og víkjandi lántökum.

Bankinn seldi nýtt hlutfé að nafnverði 800 milljónir króna á genginu 14,25 í útboði í lok mars og jókst eigið fé við það um 11,4 milljarða króna.

Um miðjan september 2005 samþykkti hluthafafundur bankans, skiptingar og samrunaáætlun stjórn Landsbankans, Straums Fjárfestingarbanka og Burðaráss um samruna eigna Burðarás inn í Landsbankann og Straum. Í framhaldi samþykkti FME og Samkeppniseftirlit samrunann. Við samrunann tók Landsbankinn yfir eignir að verðmæti 37 milljarða króna, þar af um 20 milljarða í skráðum félögum og 17 milljarða í handbæru fé og öðrum eignum. Yfirtaka eignanna var fjármögnuð með útgáfu á nýju hlutfé að nafnverði 2,1 milljarð króna á genginu 19. Við það styrktist efnahagsreikningur bankans umtalsvert, auk þess sem svigrúm til útgáfu víkjandi lána jókst samhliða. Bankinn er því vel í stakk búinn til að takast á við frekari vöxt á alþjóðlegum mörkuðum.

Aukin umsvif fjármögnuð með langtímalánum

Höfuðáhersla var lög á aukna fjölbreytni og aukið vægi langtímalána í erlendri fjármögnun samstæðunnar á árinu 2005. Á þriðja ársfjórðungi 2005 gaf Landsbankinn út tvær stærstu skuldabréfaútgáfur sínar til þessa. Sú fyrri var í júlí, að fjárhæð 600 milljóna Evra í umsjón Bank of America og CSFB. Landsbankinn gekk einnig frá erlendri skuldabréfaútgáfu til fimm ára að fjárhæð 1,0 milljarður evra, sem jafngildir rúmlega 73 milljörðum króna. Aðalumsjón með lántökunni hafði HSBC fjárfestingarbankinn í London. Um er að ræða stærstu einstöku lántöku Landsbankans til þessa. Yfir 240 fjárfestar frá 23 löndum tóku þátt í skuldabréfaútgáfunni, einkum bankar og verðbréfasjóðir. Jafn fjölbreytt þátttaka hefur ekki náðst í fyrri lántökum bankans.

Hækkun á lánshæfismati

Í mars 2005 hækkaði Moody's Investor Service lánshæfismat Landsbankans vegna innlána og langtímaskulda í A2 úr A3 og voru horfur varðandi matið metnar stöðugar. Jafnframt staðfesti Moody's C einkunn bankans vegna fjárhagslegs styrkleika og Prime 1 einkunn vegna skammtímalána og innlána með breytingu úr jákvæðum horfum í stöðugar.

Í lok nóvember hækkaði lánshæfismatsfyrirtækið Fitch lánshæfimatseinkunn bankans fyrir fjárhagslegan styrk úr C í B/C. Jafnframt

staðfesti Fitch aðrar lánshæfimatseinkunnir óbreyttar, langtímaeinkunnina A, stuðningur 2, og skammtímaeinkunnina F1.

Hækkað lánshæfismat samstæðunnar styrkir aðgang Landsbankans að alþjóðlegum lánamörkuðum.

Horfur fyrir árið 2006

Markaðsaðstæður íslenskra fjármálafyrirtækja hafa verið hagstæðar undanfarin misseri. Samhliða hagstæðum ytri skilyrðum hefur Landsbankinn treyst stöðu sína á heimamarkaði, auk þess sem starfsemi bankans í Bretlandi og Lúxemborg hefur vaxið umtalsvert og gefið góða arðsemi. Þá hefur bankinn lagt grunn að markmiðum um frekari vöxt á sviði fyrirtækja- og fjárfestingabankastarfsemi í Norður Evrópu með kaupum á Teather & Greenwood, Kepler Equities SA og Merion Capital. Þá er eiginfjárhlutfall samstæðunnar mjög sterkt og veitir það bankanum umtalsvert svigrúm til frekari útrásar og vaxtar. Markmið Landsbankans um arðsemi eigin fjár eftir skatta eru 15-17%.

Við mat á afkomuáhrifum fjármálafyrirtækja er rétt að hafa í huga að rekstur þeirra er háður ýmsum ytri þáttum, svo sem efnahagsþróun héraðs og erlendis, þróun verðlags og gjaldmiðla, sem og þróun innlendra og erlendra fjármálamarkaða.

Kynning fyrir markaðsaðila

Haldinn verður kynningarfundur fyrir markaðsaðila í húsakynnum bankans að Hafnarstræti 5, 4. hæð föstudaginn 27. janúar 2006 og hefst hann kl. 16.30. Þar munu bankastjórar Landsbankans, Sigurjón Þ. Árnason og Halldór J. Kristjánsson, fara yfir niðurstöður ársreikningsins og svara fyrirspurnum.

Aðalfundur, arður og birtingardagatal 2006

Aðalfundur Landsbanka Íslands hf. árið 2005 verður haldinn laugardaginn 4. febrúar kl. 14.00 á Nordica hótél.

Á fundi sínum í dag samþykkti bankaráð að leggja til við aðalfund að hann veiti bankaráðinu heimild til að greiddur verði 30,0% arður að fjárhæð 3,4 milljarðar króna til hluthafa. Viðskipti nýrra kaupenda með

bréf bankans án réttar á arði vegna ársins 2005 hefjast mánudaginn 6. febrúar n.k. Gjalddagi arðs verður 7. mars 2006. Í árslok 2005 voru hluthafar bankans 29.675.

Fyrirhugað er að birta árshlutauppgjör og ársreikning bankans fyrir árið 2006 sem hér segir:

Fyrsti ársfjórðungur: 2. maí
Annar ársfjórðungur: 27. júlí
Þriðji ársfjórðungur: 26. október
Fjórði ársfjórðungur: 26. janúar 2007

Ársreikning Landsbankans fyrir árið 2005 má nálgast á heimasíðu bankans www.landsbanki.is eða í húsakynnum hans að Austurstræti 11.

Uppgjörið er áritað af endurskoðendum bankans.

Nánari upplýsingar veita bankastjórar Landsbankans Sigurjón Þ. Árnason 410 4009 / 898 0177 og Halldór J. Kristjánsson 410 4015 / 820 6399.